

Menningar- og safnanefnd

Garðabær 15.apríl 2021

Bókasafn Garðabæjar langar að opna viðburðaveturinn 2021 til 2022 af miklum krafti í haust þar sem Garðbæingar verða orðnir langeygðir eftir afþreyingu og fræðslu.

Við viljum bjóða upp á sérstaklega lifandi menningar-/samfélagshús og hafa það stútfullt af allskonar framborði menningar.

Við viljum bjóða upp á upplestra, kennslu og kynningar frá þekktum rithöfundum, fá tónlistarfólk til að skemmta gestum og gangandi og svo fá léttu hreyfingu fyrir og samhliða slökun í þögn með Qigong. Með þessu myndum við fá lifandi og skemmtilega stemninguna á Garðatorgi 7.

Um væri að ræða alls 6 viðburði í hverjum mánuði og samtals 18 yfir tímabilið sem er frá september til nóvember. Viðburðir færu fram á mismunandi tímum á afgreiðslutíma bókasafnsins á Garðatorgi.

Kostnaðaráætlun:

Rithöfundar kynna og kenna, áætlaður kostnaður kr. 210.000.-

Lifandi tónlist, áætlaður kostnaður kr. 350.000.-

Qigong kennsla, áætlaður kostnaður kr. 120.000,-

Samtals áætlaður kostnaður kr. 600.000,-

Bókasafn Garðabæjar óskar eftir styrk upp á kr. 680.000.-

Virðingarfyllt,

f.h. Bókasafns Garðabæjar

Margrét Berndsen Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar